

AUGLÝSING

um viðauka við úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1994-1995.

Menntamálaráðherra hefur hinn 11. apríl 1995 staðfest viðauka við úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1994-1995, sbr. fylgiskjal. Viðaukinn við úthlutunarreglurnar var samþykktur á fundi stjórnar sjóðsins fimmtudaginn 30. mars 1995, sbr. 16. gr. laga nr. 21/1992.

Viðaukinn við úthlutunarreglurnar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. apríl 1995.

F. h. r.

Guðríður Sigurðardóttir.

Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal.

VIÐAUKI VIÐ ÚTHLUTUNARREGLUR LÍN FYRIR NÁMSÁRIÐ 1994-1995.

Stjórn LÍN hefur samþykkt eftirfarandi viðauka við úthlutunarreglur LÍN fyrir námsárið 1994-1995 vegna verkfalls Hins íslenska kennarafélags og Kennarasambands Íslands.

1. **Vormisseri framlengt.** Ef skóli framlengir vormisseri 1995 vegna verkfalls kennara skal fullt tillit tekið til þess við útreikning lána, jafnvel þó svo samanlagður námstími á námsárinu fari við það fram yfir níu og hálfan mánuð. Námsframvinda er í þessum tilfellum metin á sama hátt og á öðrum misserum.
2. **Ófullnægjandi einingaskil vegna verkfalls.** Geti námsmaður sannanlega ekki lokið 75% árangri á vormisseri 1995 vegna áhrifa verkfalls á skipulag skóla eða vegna þess að hann sannanlega geti ekki nýtt sér að fullu þær ráðstafanir sem boðnar eru af hálfu skóla til að ljúka námsárinu, skal heimilt að veita 75% lán á vormisseri. Sækja skal sérstaklega um slíka undanþágu til LÍN áður en próftímabil hefst í viðkomandi skóla. Jafnframt þarf að berast staðfesting skóla á þeim atriðum sem fram koma í umsókninni.
3. **Námsmaður hverfur frá námi vegna verkfalls.** Heimilt er að veita námsmönnum, sem sótt höfðu um á tilskildum tíma lán frá LÍN vegna vormisseris 1995, en hættu námi vegna verkfalls kennara, lán fram til 28. febrúar 1995. Til að eiga rétt á slíku láni þarf námsmaður að sýna fram á með vottorðum frá skóla að hann hafi stundað nám sitt með eðlilegum hætti áður en verkfallið skall á og að hann hafi sagt sig úr skóla fyrir 12. apríl 1995. Lánið er afgreitt með eftirfarandi hætti:
 - a) Hafi námsmaður fengið lán á haustmisseri 1994 vegna náms á sömu námsbraut, skal lánið vegna haustmisseris reiknað til 28. febrúar 1995. Lán á tímabilinu frá lokum haustmisseris til 28. febrúar er þá veitt í hlutfalli við námsárangur á haustmisseri.
 - b) Hafi námsmaður ekki fengið lán á haustmisseri 1994 vegna náms á sömu námsbraut, fær hann 75% lán fyrir tímabilið frá upphafi vormisseris 1995 til 28. febrúar 1995. Slíkt lán skal teljast sem aðstoð í heilt misseri.